

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Rimar, íbúðarbyggð, Súluholt.

Breytingin felur í sér óverulega breytingu á gildandi skilmálum deiliskipulags íbúðarbyggðar Rima í landi Súluholts. Gerð er breyting á kafla 2, 3 og 4 í greinargerð deiliskipulags sem felst m.a. í breytingu á gerð og stærð húsa, sbr. eftirfarandi:

- 2.1 Íbúðarbyggð. Á skipulagssvæðinu eru skilgreindar alls 29 íbúðarlóðir í landi Súluholts, sem eru á bilinu 1-1½ ha að stærð. Skipulagið tekur einnig til nýbýlis á 10 ha landsvæði sunnan fristundabyggðarinnar. Í íbúðarbyggðinni er leyfilegt að vera með minni háttar dýrahald.
 - 2.2 Staðsetning húsa. Heimilt er að byggja 3 hús á hverri lóð; íbúðarhús/bílskúr, skemmu og útihús, t.d. hesthús. Byggingarreitur er sýndur á uppdrætti og skulu hús staðsett innan byggingarreits og í samráði við byggingarfulltrúa.
 - 2.3 Húsagerðir og húsastærðir. Húsagerð og efnisval húsa er frjálst, sjá nánar kafla 3.1.
 - 2.8 Sorp. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.
 - 3.3 Sorpgeymslur. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.
 - 4.1 Almenn. Á hverri lóð er heimilt að byggja 3 hús; íbúðarhús og 2 aukahús. Heildarbyggingarmagn á lóð er að hámarki 800 m².
 - 4.2 Húsastærðir. Hvert hús getur verið allt að 300 m² að stærð. Mesta hæð á mæni er 6,0 m miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsið.
- Kaflar 4.3 (Hesthús) og 4.4 (Skemmur) falla út.
Að öðru leyti gilda skilmálar í gildandi deiliskipulagi.
Samþykkt í sveitarstjórn 17. maí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. júní 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.